

Staða háskólasjúkrahúss Íslendinga nú og í framtíðinni

Eftir Björn Zoëga og Jóhannes M. Gunnarsson

Undanfarna áratugi hefur orðið gríðarleg framþróun í meðferð og greiningu sjúkdóma og þekkingu fleygir fram með sífellt meiri hraða. Helsta skýring þessarar þróunar er aukin sérhæfing heilbrigðisstarfsmanna, þekking hvers og eins dýpkar en breidd þekkingar hvers þeirra minnkar. Til að aukin þekking nýtist þarf hópurninn sem starfar saman að stækka í hlutfalli við aukna sérhæfingu. Háskólasjúkrahús þarf að sinna öllum helstu sérgreinum og undirsérgreinum heilbrigðisþjónustunnar, ekki síst í landi þar sem íbúafjöldi leyfir ekki nema eitt háskólasjúkrahús. Svar við þessari þróun er að þjappa saman þekkingu með sameiningu. Nærtæk dæmi eru sameining tveggja stærstu sjúkrahúsanna í Stokkhólmi, í Ósló þar sem öll sjúkrahús hafa verið sameinuð í eitt og í Danmörku þar sem hafin er bygging eins stærsta sjúkrahúss í Evrópu skammt frá Árósum. Þessar þjóðir telja sig ekki hafa ráð á að dreifa þekkingu eða vannýta dýr en nauðsynleg tæki.

Sameining sjúkrahúsa í Reykjavík

Á tíunda áratugnum hófst sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík sem þá voru þrjú. Í fyrstu var áhersla lögð á fjárhagslegan ávinning sameiningar sem sannanlega



Björn Zoëga



Jóhannes M. Gunnarsson

hefur tekist þrátt fyrir að enn sé starfsemin ekki komin undir eitt þak sem er meginforsenda hagræðingar. Faglegu rök eru sífellt augljósari. Þrátt fyrir sameiningu sjúkrahúsanna þriggja er Landspítali langminnsta háskólasjúkrahúsið á Norðurlöndum. Um þessa sameiningu náðist sátt meðal fagfólks á þeirri forsendu að byggt yrði nútímalegt háskólasjúkrahús sem stæði undir nafni sem slíkt þar sem rannsóknar- og kennsluástanda væri samtvinnuð heilbrigðisvísindadeildum Háskólans. Fyrst og fremst væri þó um að ræða spítala þar sem sjúklingum yrði búin aðstaða byggð á gagnreyndri þekkingu á hönnun sjúkrahúsa, þar sem umhverfið leyfir að lögleg réttindi sjúklinga séu virt og stuðli að öryggi þeirra og vellíðan.

Húsakostur Landspítala

Athygli fræðimanna meðal sjúkrahúshönnuða hefur á síðari árum beinst að sambandinu milli hönnunar og meðferðarárangurs. Rannsóknir sýna að með nútíma-

» Fyrir heilbrigðiskerfið í heild, sjúklinga og starfsfólk er bygging nútímalegs sjúkrahúss löngu orðin brýn nauðsyn.

hönnun er hægt að auka skilvirkni og öryggi þjónustunnar. Nú starfar Landspítali á 17 stöðum í 100 húsum! Um 80% húsnæðis spítalans eru hönnuð fyrir meira en hálfri öld fyrir starfsemi allt annars eðlis en nú er. Ljóst er hve óhagkvæmur rekstur er við þessar aðstæður en færri gera sér grein fyrir að í þessu er fölginn áhætta fyrir sjúklinga, einkum þá sem eru með margslunginn vanda. Sveigjanleiki er lykilorð við hönnun nútímasjúkrahúsa sem þýðir að auðvelt er að breyta húsnæðinu til að aðlaga það breyttum þörfum. Þessu gamla, tvístráða húsnæði verður ekki breytt til samræmis kröfum nútímans um aðbúnað sjúklinga, vinnuástandu eða að rökréttu samhengi starfseminnar. Endurnýjun og breytingar sem sífellt þarf að gera í gömlu húsnæði kosta allt að 50% af nýbyggingarvirði og verða samt aldrei fullnægjandi.

Hægt að ná fram umtalsverðum sparnaði

Ekki kemur á óvart að norsku ráðgjafafyrirtækin Momentum arkitekter og Hospitalitet hafi komist að þeirri niðurstöðu, þegar til þeirra var leitað um ráð í ársbyrjun 2009, að ekki væri valkostur að

halda að sér höndum um nýbyggingu spítalans, sú leið væri dýrari en að hefjast handa. Skattgreiðendur sætu með því móti uppi með hærri reikning en aðrir kostir bjóða og sjúklingar og starfsfólk með ófullnægjandi húsnæði.

Lögðu þeir til að byggt yrði nýtt svo sameina mætti alla bráðastarfsemi í nýbyggingu á lóð spítalans. Þessi bygging skyldi hýsa gjörgæslu, skurðstofur, myndgreiningu, alla bráðamóttöku sem nú er á fimm stöðum, sjúkrahúsupótek, dauðhreinsun o.fl. Rannsóknarstofur spítalans skyldu sameinaðar í nýtt húsnæði og legudeildir fyrir 180 sjúklinga og sjúkrahótel á lóðinni. Með þessu væri bráðastarfsemin komin á einn stað. Hönnun ætíð að gera ráð fyrir síðari áföngum sem stefndu að heildaruppbyggingu spítalans á Hringbrautarlóð. Ríkið, fyrir hönd spítalans og HÍ, hefur gert samning við Reykjavíkurborg um að sú lóð verði til framtíðaruppbyggingar þessara stofnana. Samkvæmt útreikningum sem yfirfarnir voru og staðfestir af hinum norsku ráðgjöfum er áætlað að 6% árlegur rekstrarsparnaður náist með þeim áfanga sem nú er í undirbúningi og ávinningur er metinn á 19 milljarða króna á núvirði til næstu 40 ára. (www.nyrlandspitalli.is)

Mannauður heilbrigðiskerfisins

Fram hafa komið áhyggjur af því að flótti heilbrigðisstarfsmanna úr landi sé slíkur að ekki sé þörf á nýbyggingu. Úrbætur í húsnæði spítalans eru fyrst og fremst í þágu sjúklinganna. Ákvörðun heilbrigðisstarfsmanna um heimkomu að framhaldsnámi loknu byggist ekki aðeins á launakjörum. Sannarlega hafa þau hrapað miðað við önnur lönd, mest sökum gengisbreytinga. Aðrir áhrifaþættir eru aðstaða samþærileg þeirri sem býðst erlendis til að þjóna sjúklingum og stunda fræði með svipuðum hætti og þeim stendur til boða erlendis. Nútíma-

legur háskólaspítali er mikilvægur til að fá besta fólkið heim. Tal um fyrirsjáanlegt mannauðstóm á nýjum spítala gæti hins vegar haft neikvæð áhrif á heimfýsi sérmenntaðs fólks.

Ávinningur, fyrir hverja?

- Fyrir heilbrigðiskerfið í heild, sjúklinga og starfsfólk er bygging nútímalegs sjúkrahúss löngu orðin brýn nauðsyn.
- Fyrir ríkissjóð vegna lægri rekstrarkostnaðar sem nemur um 6% af veltu. Innlendir framkvæmdakostnaður verður allt að 75% byggingarkostnaður. Fjárfesting í landinu er í lágmarki. Það munar um þessa þó byggingarkostnaður sé aðeins eins og hálfis árs rekstrarkostnaður spítalans.
- Fyrir lífeyrissjóði er um örugga langtímaáætlun fjármuna að ræða en fjárfestingarkostir þeirra eru nú fáir. Kostnaðaráætlun gerð í árslok 2009 var 51 milljarður kr. sem dreifist á 5-6 ár en það er um 10% fjárfestingarþarfar lífeyrissjóðanna á tímabilinu.
- Fyrir íslenska hönnuði en á þeirra vinnuþarfi eru önnur verk fá og smá.
- Fyrir byggingariðnaðinn er um stórverkefni að ræða sem hafist getur í árslok 2011.

Staða verkefnisins

Nú vinnur 40-50 manna hönnunarteymi að hönnun verkefnisins auk erlendra sérfræðinga sem leit að er til eftir þörfum. Hönnunarvinna er því sem næst á áætlan. Komi ekki til óvænt atvik sem tefja og Alþingi leggur blessun sína yfir lokaáætlanir um kostnað og fjármögnun verksins gætu framkvæmdir hafist í lok þessa árs. Þá hefði þjóðin ástæðu til að fagna upphafi að brýnni framkvæmd í þágu þjóðarinnar allrar.

Björn er forstjóri Landspítala og Jóhannes er læknisfræðilegur verkefnisstjóri nýs Landspítala.

Hafsteinn standi við stóru orðin

Eftir Jóhann Ísberg

Hafsteinn Karlsson fer hamförum í morgunblaðinu 10.2. sl. þar sem hann úthúðar Sjálfstæðisflokknum og oddvita hans fyrir ýmiss konar misgjörðir. Allt illt er Sjálfstæðisflokknum að kenna o.s.frv. Flest af því sem hann segir er innan velsæmismarka að því leyti að vera svona venjulegar pólitískar misfærslur og þvaður og engin ástæða til að skemma það fyrir Hafsteini. Einni setningu sem hann lætur frá sér verður þó ekki litið framhjá: „Jafnvel eru skýrar vísbendingar um að bæjarsjóður hafi verið látinn greiða reikninga vegna kynningarefnis í kosningabaráttu flokksins árið 2006“ (Mbl. bls. 17, 10.2. 2011). Nú þarf Hafsteinn að bakka upp þessa aðdróttun, því hann hlýtur að geta sannað að Sjálfstæðisflokkurinn hafi misnotað aðstöðu sína þegar hann var í meirihluta og notað fjármuni bæjarbúa í eigin þágu, því það var það sem Hafsteinn var að segja. Hæg eru heimatökinn núna þegar Hafsteinn, forseti bæjarstjórnar, er einn forystumanna í meirihluta



Jóhann Ísberg

gegnsæis og opinna stjórnýslu. Við þessar aðdróttanir Hafsteins verður ekki unað. Hafsteinn hefur um tvennt að velja; sanna mál sitt með framlagningu reikninga þeirra sem hann er að vísa til í greininni og þá í framhaldi að krefja Sjálfstæðisflokkinn um endurgreiðslu þeirra fjármuna sem Haf-

» Hart er að sitja undir slíkum aðdróttunum frá Hafsteini Karlssyni sem ætlar að láta bæjarsjóð Kópavogs greiða málskostnað sinn í einkamáli.

steinn telur að flokkurinn hafi stolið frá bæjarbúum. Hinn möguleikinn er að draga aðdróttunina til baka og biðjast opinberlega afsökunar. Þetta eru svo alvarlegar aðdróttanir að þær verða ekki látnar niður falla. Það er hart að sitja undir slíkum aðdróttunum frá forseta bæjarstjórnar sem purkunarlaust ætlar að láta bæjarsjóð greiða málskostnað sinn í einkamáli umfram málsvarnarlauð sem honum voru dæmd. Margur heldur mig sig. Við sjálfstæðisfólk í Kópavogi munum ekki taka þessum aðdróttunum þegjandi. Þú verður að klára þetta mál, Hafsteinn, eins og maður og bakka upp stóru orðin án útúrsmúnings.

Höfundur er formaður Sjálfstæðisfélags Kópavogs.

SÉRBLAÐ

MEÐAL EFNIS:
Veitingar í veisluna.
Mismunandi fermingar.
Fermingartíska.
Hárgreiðslan.
Myndatakan.
Fermingargjafir.
Fermingar erlendis.
Hvað þýðir fermingin?
Viðtöl við fermingarbörn.
Nöfn fermingarbarna.
Fermingarskeytin.
Boðskort.
Ásamt fullt af spennandi efni.

FERMINGAR

Föstudaginn 4. mars kemur út hið árlega Fermingarblað Morgunblaðsins.

Fermingarblaðið hefur verið eitt af vinsælustu sérblöðum Morgunblaðsins í gegnum árin og verður blaðið í ár sérstaklega glæsilegt.

PÖNTUNARTÍMI AUGLÝSINGA:
Fyrir kl. 16, mánudaginn 28. febrúar.

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR:
Katrín Theódórsdóttir
Sími: **569 1105**
kata@mbl.is

— Meira fyrir lesendur

- nýr auglýsingamiðill
finnur.is
569-1100